

Borgarstjórn
6. október 2020

Tillaga Mörtu Guðjónsdóttur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um fjölgun borgarstjórnarfunda

Lagt er til að reglulegum fundum borgarstjórnar verði fjölgað úr tveimur fundum í mánuði í fjóra og hefjist kl. 10:00 í stað 14:00. Gerðar verði breytingar til samræmis við það á samþykktum um stjórn Reykjavíkurborgar, 8. grein í kaflanum fundir borgarstjórnar og fundarsköp. Greinin verði svohljóðandi eftir breytingu: Borgarstjórn heldur reglulega fundi í Ráðhúsi Reykjavíkur fjórum sinnum í mánuði, fyrsta, annan, þriðja og fjórða þriðjudag hvers mánaðar sem ekki ber upp á helgidag eða almennan frídag, og skal fundur að jafnaði hefjast kl. 10:00.

Greinargerð:

Við síðustu borgarstjórnarkosningar fjölgaði borgarfulltrúum úr 15 í 23 og flokkum í borgarstjórn úr fimm í átta. Breytingin hefur eðli málsins vegna falið í sér að málum hefur fjölgað á dagskrá borgarstjórnar og fundir lengst. Þrátt fyrir það hafa engar breytingar verið gerðar á fundum borgarstjórnar til að mæta þessari fjölgun og málum verið æ oftast frestað milli funda. Þá hefur jafnframt verið takmarkað hversu mörg mál eru sett á dagskrá borgarstjórnar. Með slíkri tilhögun er beinlínis verið að koma í veg fyrir rétt borgarfulltrúa samkvæmt sveitarstjórnarlögum að koma málum á dagskrá. Þar segir í 27. gr. Réttur til að bera upp mál: Sveitarstjórnarmaður á rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess. Til að koma til móts við þetta ákvæði sveitarstjórnarlaganna er nauðsynlegt að fjölga fundum borgarstjórnar enda er Reykjavík stærsta sveitarfélagið og ættu fundir borgarstjórnar að vera vikulega eins og gerist í flestum höfuðborgum hinna Norðurlandanna. Til að gera borgarstjórn að fjölskylduvænni vinnustað er mikilvægt að fundir hefjist fyrr að deginum svo hægt sé alla jafna að ljúka fundum fyrir kvöldmat.